

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 109/2003**

**frá 26. september 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2003 frá 11. júlí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/3/EB frá 6. janúar 2003 varðandi takmörkun á sölu og notkun „blás litarefnis“ (tólfta aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/769/EBE) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/3/EB frá 6. janúar 2003 (Stjtið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 12).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2003/3/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 12.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-  
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*